

Mánudaginn 29. dag maímán.

Nr. 6/1911:

Þórður Sveinsson

gegn

Tryggva Gunnarssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni gegn Þórði Sveinssyni geðveikræknni á Kleppi út af ummælum um sig (stefnda) af hálfu áfrýjanda í ræðu á opinberum fundi, sem haldinn var í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík 7. febr. f. á., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 18. ágúst s. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi var, samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi og hin átöldu ummæli dæmd dauð og marklaus, svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda málskostnað með 25 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. febr. þ. á. og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður, bæði að því er snertir sekt, ómerkingu og málskostnað hins áfrýjaða dóms og honum tildæmdur málskostnaður bæði fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins, en til vara hefir hann krafist þess, að hin ídæmda sekt verði færð niður eftir því sem lög frekast leyfa og honum tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. — Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Ummæli þau, sem átalín eru af stefnda sem meiddandi fyrir sig, eru þessi: að hann (áfryjandi) taldi það tákni siðspillingar, að þessi bær (þ. e. Reykjavík) skyldi hafa kosið stefnda í bæjarstjórn í þetta sinn (þ. e. við síðustu bæjarstjórnarkosningar, sem fram fóru 29. jan. s. á.), að það hefði vitnast, að stjórn stefnda á Landsbankanum hefði bakað bankanum sem svarar 25000 kr. tjón á hverju ári meðan stefndi var við hann, að það hefði vitnast, að stefndi hefði bakað þessari þjóðstofnun tjón, sem svaraði 5 kr. nefskatti á hvert mannsbarn á landinu, og að það gæti verið álitamál hversu hart bæri að refsa fyrir svona aðgerðir, en að heiðra stefnda fyrir þær, það væri óafmáanlegur spillingarblettur.

Áfryjandi heldur því fram, að hin umstefndu ummæli séu ekki ærumeiddandi, og tekur hann fram, að þótt hann hafi komist svo að orði um stefnda, að það væri tákni siðspillingar, eftir því sem á stóð, að kjósa hann í bæjarstjórn við síðustu kosningar, þá felist í ummælum þessum engin aðdróttun til stefnda um það, að hann væri miður virðingarverður maður. Á þetta verður þó ekki fallist, því þótt nefndum ummælum sé sérstaklega beint að nokkrum flokki kjósenda, þ. e. þeirra, er kosið hafa stefnda fyrir bæjarfulltrúa, þá snerta þau engu síður stefnda persónulega, þar eð þau verða að byggjast á því, að stefndi sé ekki heiðarlegur maður. — Þá hefir áfryjandi tekið fram, að þar sem hann talar um tap Landsbankans, þá styðjist hann við skýrslu bankarannsóknarnefndar þeirrar, er ráðherra Íslands skipaði 26. ágúst 1909 til að rannsaka hag Landsbankans, og nái ekki neinni átt að telja hann (áfryjanda) sekan um ærumeiðing fyrir ummæli sín þar að lútandi; hann hafi ekki annað gjört en að ryfja upp

úr nefndri skýrslu, sem sé opinber og hafi fult sönnunargildi, þar til henni sé hnekt, niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar um tjónið. Ummæli áfrýjanda um það, að stjórn stefnda á Landsbankanum hafi bakað bankanum 25000 kr. tjón á ári og landinu tjón er nemi 5 kr. á mann, geta nú ekki út af fyrir sig talist ærumeiðandi fyrir stefnda, og þarf því ekki að rannsaka hvaða sönnunargildi skýrsla rannsóknarnefndarinnar hefir að þessu leyti, en í sambandi við ummæli áfrýjanda um, að það geti verið álítmál, hversu hart beri að refsa fyrir svona tilgerðir, þá verða þau ærumeiðandi, því að þau ummæli verða að byggjast á því, að stefndi hafi stjórnað bankanum svo að refsingarvert væri, það gæti því að eins verið, að bankanum hefði af völdum stefnda verið bakað tjón af ásetningi eða vísvitandi hirðuleysi, en fyrir því eru í máli þessu engar sannanir framkomnar gegn mótmælum stefnda.

Hin átöldu ummæli hafa því af héraðsdómaranum réttilega verið talin meiðandi og móðgandi, og þar sem þau ekki eru réttlætt, hefir áfrýjandi réttilega verið sektaður fyrir þau samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með tilliti til þess, að hin átöldu ummæli eru flutt á fjölmönnum fundi, verður sektarupphæðin að teljast hæfileg.

Með því að landsyfirdómurinn þannig felst á héraðsdóminn, bæði að því er snertir sektarupphæðina, ómerkning hinna átöldu meiðyrða og ákvæði hans um málskostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi, geðveikralæknir Þórður Sveinsson, greiði stefnda, fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. dag júnímán.

Nr. 3/1911:

Ólafur Björnsson
gegn
Jóni Ólafssyni.

D ó m u r:

Í grein með fyrirsögn »Glæsilegir merkisberar« í blaðinu Ísafold, 37. árg. 57. tbl., sem út kom 3. sept. f. á., gjörði ritstjórinn, áfrýjandi þessa máls, Ólafur Björnsson, að umtalsefni meiðyrðamál, er hann hafði höfðað gegn stefnda, Jóni Ólafssyni alþingismanni, út af ummælum áfrýjanda í blaðinu Reykjavík 30. nóv. 1909. Tjáist hann hafa gjört ráðstöfun þegar sama daginn sem ummælin birtust til að draga mannorðsskemminn (3: stefnda) fyrir lög og dóm, skýrði frá úrslitum málsins, að stefndi hefði verið dæmdur í 80 króna sekt og meiðyrðin ómerkt, og bætti síðan við, að stefndi hefði þá hér gjört illkvitna árás á einkahagslíf manns með því að skrökva upp frá rótum mannorðsskemmandi ærumeiðingum, sem ekki